



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 25. nóvember 2019

Ákvörðun nr. 41/2019

Kaup Sýnar hf. á öllu hlutafé í Endor ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 29. október 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Sýnar hf. (hér eftir Sýn) á 100% hlut í Endor ehf. (hér eftir Endor). Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 684/2008. Með bréfi, dags. 22. nóvember 2019, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað gagna og upplýsinga frá keppinautum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Sýnar á Endor felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

Fram kemur í samrunaskrá að Sýn bjóði einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og fjölmiðlaþjónustu undir vörumerkinu Vodafone, Stöð2 og öðrum vörumerkjum á sviði fjölmiðlunar. Félagið bjóði upp á talsíma-, farsíma, gagnaflutnings-, sjónvarps- og internetþjónustu. Sýn sé eigandi 30% hlutar í RKF ehf., sem starfi á markaði fyrir gagnaver, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2018. Tilgangur RKF sé m.a. að eiga og reka gagnaver.

Þá segir í samrunaskrá að Endor starfi á innlendum og alþjóðlegum upplýsingatæknimarkaði. Félagið veiti ráðgjöf og þjónustu í tengslum við rekstur upplýsingakerfa. Endor sé eigandi alls hlutafjár í sænska hlutafélaginu EC Sweden AB sem veiti sömuleiðis ráðgjöf og þjónustu í tengslum við rekstur upplýsingakerfa á sænskum og alþjóðlegum upplýsingatæknimarkaði.

2. Markaðir málsins og staða samrunaaðila á þeim



Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá segir að það sé mat samrunaaðila að samruninn hafi áhrif á alþjóðlegan upplýsingatæknimarkað. Nánar tiltekið rekstur, ráðgjöf og þjónustu á sviði upplýsingatækni, einkum í tengslum við endursölu á hugbúnaðarleyfi og hýsingarþjónustu Microsoft.

Í samrunaskrá segir að starfsemi Sýnar fari fyrst og fremst fram á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Aðalstarfsemi félagsins sé fólgin í veitingu alhliða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga jafnt sem fyrirtækja undir vörumerkinu Vodafone. Fyrirtækið bjóði þjónustu í farsíma, interneti, heimasíma og sjónvarpsdreifingu og reki sín eigin kerfi bæði fyrir sjónvarpsdreifingu, farsíma- og internetþjónustu sem byggja að mestu leyti á grunnagnaflutningsinnviðum Mílu og Gagnaveitu Reykjavíkur. Sýn reki jafnframt starfsemi á sviði fjölmiðlunar, sem eflað hafi verið með kaupum á rekstrareiningum af 365 miðlum ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017.

Þá segir í samrunaskrá að lítill hluti starfsemi Sýnar fari fram á upplýsingatæknimarkaði undir vörumerkinu Vodafone. Vodafone endurselji hugbúnaðarleyfi sem aðallega séu Microsoft Office 365 leyfi auk þess að selja hýsingarþjónustu. Félagið selji takmarkaða þjónustu tengda leyfunum. Þátttaka Sýnar á hýsingarmarkaði sé einnig takmörkuð, en upplýsingar um starfsemi félagsins á hýsingarmarkaði hafi verið hluti af ákvörðun eftirlitsins nr. 23/2018, þar sem markaðshlutdeild Sýnar var talin óveruleg. Litlar breytingar hafi orðið á tekjum Sýnar á rekstrarárinu 2018 á hýsingarmarkaði frá því sem hafi verið á árinu 2016.

Í samrunaskrá segir að Endor starfi á upplýsingatæknimarkaði. Aðalstarfsemi félagsins sé í þjónustu, sölu og ráðgjöf upplýsingatæknikerfa. Samrunaaðilar telji ekki þörf á að greina markaðinn í frekari undirmarkaði þar sem þeir telji samkeppnisréttarleg vandamál ekki vera til staðar sama hvernig markaðurinn sé skilgreindur.

Samkvæmt framansögðu telja samrunaaðilar það ljóst að skörunar á starfsemi samrunaaðila gæti eingöngu á markaði fyrir upplýsingatækni. Samrunaaðilar telji ekki þörf á greiningu í frekari undirmarkaði en ef það væri gert væri skörun á markaði fyrir hýsingu og rekstur á tölvukerfum, nánar tiltekið á sviði endursölu á hugbúnaðarleyfi og hýsingarþjónustu Microsoft. Á þeim endursölumarkaði keppi margir héraðendis en fyrirtæki og einstaklingar geti einnig keypt slíkan aðgang að hugbúnaði beint af framleiðandanum sjálfum, þ.e. af Microsoft í Bandaríkjunum.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegi markaðurinn fyrir upplýsingatækni alþjóðlegur. Ástæðan fyrir því sé að fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geti keypt hugbúnaðarleyfi og hýsingarþjónustu Microsoft hvar sem er í heiminum, annað hvort í gegnum milliliði, líkt og Endor og Vodafone, eða beint frá Microsoft í Bandaríkjunum.



Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri málum skilgreint markaðinn fyrir upplýsingatækni og hefur skilgreint einn undirmarkað sem markað fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa.¹ Sá markaður var tekinn til skoðunar að nokkru leyti í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2019, *Samruni Advania Holding hf. og Wise lausna ehf.* og nr. 7/2015, *Kaup Sensa ehf. á Basis ehf.* Að mati Samkeppniseftirlitsins gætir áhrifa þessa samruna einkum á markaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa en á þeim markaði er lítilsháttar skörun milli samrunaaðila. Gerir Samkeppniseftirlitið því ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á þjónustumarkaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa.

Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins verður ekki tekin afstaða til þess hvert umfang landfræðilega markaðarins er í málinu.

2. Áhrif samruna

Í samrunaskrá fjalla samrunaaðilar um áhrif samrunans á samkeppni á markaði málsins. Þar segir að annars vegar bjóði báðir aðilar til sölu hugbúnaðarleyfi og hýsingarlausnir frá Microsoft. Sé það mat samrunaaðila að samanlögð markaðshlutdeild þeirra á markaði fyrir Microsoft lausnir sé undir [0-5]%. Um sé að ræða markað sem velti um 10 milljörðum króna árlega á Íslandi og að samanlögð velta samrunaaðila sé undir []² á ársgrundvelli. Í ákvörðun sinni nr. 23/2018 hafi Samkeppniseftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að Sýn væri ekki í aðstöðu til að hafa áhrif á samkeppni á þessum markaði. Samrunaaðilar telji að Advania sé stærsti aðillinn á markaði fyrir Microsoft lausnir á Íslandi en aðrir keppinautar séu Origo, Annata, Wise, LS Retail, Sensa, Þekking, Opin kerfi, TRS, Premis, Crayon og fleiri.

Þá segir í samrunaskrá að hins vegar hafi Sýn haft uppi áform um uppbyggingu gagnavera í gegnum hlutdeildarfélag sitt RKF. Endor selji aftur á móti aðgang að gagnaverum, kerfissölum og tengda þjónustu. Endursala á aðgangi að aðstöðu í gagnaverum sem séu í eigu og rekstri annarra aðila sé varla mælanlegur hluti af heildarveltu Endor. Samrunaaðilar telji að kaup Sýnar á Endor hafi engin áhrif á samkeppni á þessum mörkuðum, enda markaðshlutdeild þeirra hverfandi.

Við meðferð málsins leitaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða hagsmunaaðila vegna samrunans. Engar athugasemdir vegna viðskiptanna bárust.

Miðað við framkomnar upplýsingar er hlutdeild samrunaaðila á upplýsingatækni markaði lítil og starfandi er fjöldi annarra sterkra keppinauta. Af þeim sökum er að mati eftirlitsins ekki tilefni til íhlutunar vegna samrunans.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að

¹ Sjá til að mynda ákvörðun Framkvæmdarstjórnar ESB í máli nr. M.7458 IMB/INF BUSINESS OF DEUTCHE LUFTHANSA mgr. 16 „As regards a segmentation of the IT services market by functionality, according to the Notifying Party, Gartner's most recent reports identify the following segments: (i) consulting; (ii) implementation; (iii) IT outsourcing; (iv) business process outsourcing; (v) software support; and (vi) hardware support.”

² Fellt út vegna trúnaðar.



Samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa að mjög litlu leyti á sömu eða tengdum mörkuðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur rannsókn málsins ekki til kynna að markaðsráðandi staða muni myndast eða styrkjast vegna samrunans. Þá eru ekki vísbendingar um að samkeppni muni raskast að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Sýnar hf. á Endor ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson